

MOME2MÍ05

Búið til: Fri, 09 Oct 2020 10:08:14 GMT

Titill

Matur og menning

Skammstöfun

MOME2MÍ05

Útgáfunúmer

4

Námsgrein

Matur og menning

Viðfangsefni

Matur og menning á Íslandi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er fræðst um mat og menningu Íslands, með sérstakri áherslu á mat úr héraði. Áfanginn er fyrsta skref í Erasmus-verkefninu “Let’s eat culture” samstarfsverkefni milli 4 skóla í Evrópu sem fram fer í heimalandi á vorönn 2021. Nemendur leita uppi íslenskar uppskriftir, bæði gamlar og nýjar og elda saman íslenskan mat úr íslensku hráefni. Áhersla er á að elda sem flest frá grunni. Í áfanganum verður unnið með ríkjandi matarhefðir, eldað verður úr afurðum úr héraði sem og með heimafólki og einnig munu kokkar koma í heimsókn. Nemendur skoða matar- og innkaupavenjur og heimsækja fyrirtæki á svæðinu þar sem fram fer matvælaframleiðsla og/eða ræktun grænmetis. Nokkrum sinnum á önninni verða skipulagðir rafrænir fundir með nemendum úr hinum samstarfsskólunum. Nemendur setja saman rafræna uppskriftabók á ensku með texta og myndefni sem lokaafurð í áfanganum.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Matarhefðum á Íslandi og Norðurlandi sérstaklega
- Hvernig svæðisbundnir réttir eru eldaðir og hvaða hráefni er notað
- Matarinnkaupum Íslendinga almennt
- Matar- og menningarsögu Íslands
- Að lesa sér til um og taka þátt í að elda íslenska rétti
- Grunnþáttum í hefðum og matarmenningu Íslands
- Uppruna hráefnis sem notað er
- Að miðla framreiðslu sinni með því að tjá sig um hana og koma henni á framfæri í rafbók í texta og mynd
- Þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- Að meta eigið vinnuframlag og annarra
- Taka þátt í hópavinnu og fundum með erlendum nemendum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa sér til um matar- og menningarsögu eigin lands og miðla á ensku
- Skoða eigin matarmenningu og ræða um hana

- Taka þátt í samræðum um íslenska matarmenningu, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra
- Setja saman uppskriftir með texta og mynd í rafbók á ensku
- Lesa uppskriftir, fara eftir þeim og fjalla um megininntak þeirra
- Efla skilning sinn á menningu og matargerð úr heimalandi
- Afla sér upplýsinga um matarinnkaup og uppruna hráefnis
- Upplifa, skynja og smakka það sem hann tekur þátt í að framreiða
- Skoða hráefni úr héraði og elda það á nýstárlegan hátt
- Geta unnið í teymi og skipt verkum með öðrum
- Geta sett fram hugmyndir sínar um íslenska rétti og brugðist við gagnrýni viðmælenda

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tjá skoðanir sínar og tilfinningar um mat og íslenska matarmenningu
- Vera meðvitaður um menningarlegt hlutverk matar
- Sýna nokkurt sjálfstæði við að framreiða mat undir leiðsögn kennara
- Tjá sig um eigin upplifun við framreiðslu matar við aðra viðmælendur með almennri ígrundun og samanburði
- Búa til rafbók með uppskriftum með enskum texta og myndum með íhugun um matarhefð og menningu Íslands
- Leysa úr viðfangsefnum í samstarfi við aðra
- Þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- Sýna umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum menningarheimum
- Meta eigið vinnuframlag

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd